



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 16/2009 í ágreiningsmáli um lokun Mílu ehf. fyrir skiptan aðgang þjónustuveitanda að efra tíðnisviði heimtaugar

I.

Kvartanir vegna lokunar Mílu ehf. á efra tíðnisviði heimtaugar (leigulínu)

Þann 5. mars 2009 barst Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) kvörtun frá fjarskiptafyrirtækinu Tengir hf. á Akureyri þess efnis að fyrirtækið Míla ehf. hafi látið loka fyrir skiptan aðgang Tengis að efra tíðnisviði heimtaugar sem Tengir notar til að endurselja fjarskiptaþjónustu til viðskiptavina á Eyjafjarðarsvæðinu. Ástæður lokunarinnar voru sagðar þær að hlutaðeigandi viðskiptavinur var kominn í vanskil við Símann vegna talsímaþjónustu sem veitt er á neðra tíðnisviði heimtaugarinnar. Síminn hafi þar að leiðandi sagt upp þjónustu á neðra tíðnisviði heimtaugarinnar og Míla í kjölfarið lokað heimganginn.

Þann 11. maí 2009 barst Póst- og fjarskiptastofnun kvörtun [...], hér eftir nefndur kvartandi, þess efnis að fyrirtækið Míla ehf. hafi, að beiðni Símanns, lokað fyrir aðgang Og fjarskipta ehf. (Vodafone) að efra tíðnisviði heimtaugar og þar með internetþjónustu Vodafone við kvartanda. Var lokunin framkvæmd af þeirri ástæðu að kvartandi var í vanskilum við Símann vegna talsímaþjónustu sem veitt er á neðra tíðnisviði heimtaugarinnar.

Þar sem framangreindar kvartanir beinast báðar að Mílu ehf. og eru sama eðlis hefur Póst- og fjarskiptastofnun ákveðið að sameina þær í ákvörðun þessari.

II.

Málavextir og bréfaskipti

2.1

Kvörtun Tengis hf.

Í framangreindri kvörtun Tengis hf. kemur fram að Míla hafi í nokkrum tilvikum látið aftengja skiptan aðgang Tengis að efra tíðnisviði heimtauga til viðskiptavina þeirra (sem eru fjarskiptafyrirtæki sem veita endanotendum á Eyjafjarðarsvæðinu ADSL þjónustu). Hafi það verið gert vegna þess að Síminn hafi sagt upp þjónustunni á neðra tíðnisviði heimtaugarinnar vegna vanskila hlutaðeigandi endanotanda við Símann fyrir talsímaþjónustu.

Með bréfi PFS, dags. 18. mars 2009, var Mílu gefin kostur á að tjá sig um kvörtun Tengis auk þess sem vakin var athygli Mílu á 34. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003, þar sem fram kemur að



fjarskiptafyrirtæki skuli verða við öllum réttmætum og sanngjörnum beiðnum fjarskiptafyrirtækja um aðgang að heimtaugum og aðstöðu er slíkum aðgangi tengist. Í 2. mgr. sömu greinar kemur fram að beiðnum skuli ekki hafnað nema á grundvelli hlutlægra viðmiðana, nauðsynjar þess að viðhalda heildstæði neta eða af tæknilegum ástæðum. Samkvæmt þessu væri Mílu ekki er heimilt að hafna tengingum né aftengja þær nema hlutlægar ástæður lægju þar að baki.

Þar sem engin svör höfðu borist frá Mílu fyrir gefinn svarfrest, sem var 8. apríl 2009, var beiðni PFS um skýringar Mílu í málinu ítrekuð með bréfi PFS, dags. 17. apríl 2009.

Með tölvupósti, dags. 28. apríl 2009, óskaði Míla eftir frekari upplýsingum og dæmum til að geta rakið og rannsakað þau tilvik sem um væri að ræða.

Eftir nokkur tölvupóstamskipti milli PFS, Mílu og Tengis sendi Míla skýringar fyrirtækisins með tölvupósti dags. 5. júní 2009. Í tölvupósti þessum kom eftirfarandi fram:

„Vegna kvörtunar sem barst frá Tengi um aftengingu á þjónustu á efra tíðnisviði heimtaugar vill Míla koma eftirfarandi á framfæri:

Í RUO, Viðauka 1a, kafla 7 segir orðrétt:

Nú óskar leigutaki einungis eftir skiptum aðgangi að efra tíðnisviði heimtaugar og neðra tíðnisvið heimtaugarinnar er ekki í leigu. Skal leigutaki þá greiða leiguverð fyrir fullan aðgang að heimtaug skv. töflu 7.2

Nú hættir leigutaki að leigja skiptan aðgang að neðra tíðnisviði heimtaugar og skal leigutaki að efra tíðnisviði heimtaugar þá greiða leiguverð eins og um fullan aðgang að heimtaug sé að ræða skv. töflu 7.2

Samkvæmt ofangreindu hefði Míla átt að rukka Tengi um fullan aðgang að heimtaug eftir uppsögn Símans.

Þetta ákvæði er snúið. Það er ljóst að neðra tíðnisvið er ríkjandi í heimtaug og það er byggt á margra ára reynslu starfsmanna Mílu að í engum tilfellum séu fyrirtæki með þjónustu á efra tíðnisviði reiðubúin að taka á sig langtum hærra gjald sé lokað á þjónustu neðra tíðnisviðs. Með því er þjónustan tæpast að standa undir sér enda hækkar gjaldið úr kr. 285 í kr. 1.147.

Einnig ber að geta að ofangreint ákvæði er ekki aðeins eitthvað sem viðskiptavinir Mílu kæra sig ekki um, heldur er það einnig gríðarlega mannafls- og tímafrekt að fara í gegnum þær hundruðir uppsagna sem berast okkur með reglulegu millibili, sjá hvort annað fyrirtæki er með þjónustu á efra tíðnisviði og breyta gjaldfærslu. Aðeins til þess eins að loka tauginni aftur þegar reikningur berst viðskiptavini sem kærir sig ekki um hækkunina.

Því hefur verið vinnureglan að loka heimtauginni við uppsögn neðra tíðnisviðs.

Sé þess krafist af hálfu PFS að Míla kanni stöðu efra tíðnisviðs við hverja uppsögn munum við að sjálfsgöðu gera það en viljum ítreka að því kemur til með að fylgja kostnaðarauki og hægari afgreiðslutími.“

2.2

Kvörtun notanda í Hveragerði

Í kvörtun þessari, dags. 11. maí 2009, kemur fram að Míla hafi að beiðni Símans lokað fyrir aðgang Vodafone, sem var ADSL þjónustuveitandi kvartanda, að efra tíðnisviði heimtaugar að heimili hans í Hveragerði. Skýringar sem kvartanda voru veittar voru þær að hann hafi

verið í vanskilum við Símann vegna talsímaþjónustu sem veitt er á neðra tíðnisviði heimtaugarinnar. Af þessum ástæðum lá internettenging kvartanda niðri þrátt fyrir að hann hafi staðið í skilum vegna þeirrar þjónustu við Vodafone. Telur kvartandi það með öllu óeðlilegt að hægt sé að loka fyrir þjónustu sem keypt er hjá einu fjarskipafyrirtæki vegna vanskila hans við annað fjarskiptafyrirtæki fyrir aðra þjónustu. Ekki sé eðlilegt ef Símann er að notfæra sér tengsl sín við Mílu til að láta loka á þjónustu annars fjarskiptafyrirtækis. Krefst kvartandi þess að Míla opni fyrir aðgang Vodafone, og þar með internettengingu hans, að efra tíðnisviði heimtaugarinnar þannig að hann geti nýtt sér þá þjónustu sem hann hefur þegar greitt Vodafone fyrir.

Með bréfi PFS, dags. 24. júní 2009, er Mílu gefin kostur á að tjá sig um framangreinda kvörtun og var svarfrestur veittur til 8. júlí 2009.

Þrátt fyrir ítrekanir PFS, sendar með tölvupósti, hafði stofnuninni ekki borist nein svör frá Mílu þann 12. ágúst. Með bréfi PFS, dags. 12. ágúst 2009, er beiðni PFS um skýringar Mílu ítrekuð og fyrirtækinu gefinn lokasvarfrestur til 20. ágúst. Var Míla jafnframt upplýst um að að þeim svarfresti liðnum hygðist PFS taka formlega ákvörðun í málinu á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

Í bréfi Mílu, dags. 20. ágúst 2009, kemur fyrirtækið á framfæri skýringum sínum og athugasemdum vegna beggja framangreindra kvartana. Í skýringum sínum fyrir því að hafa lokað fyrir þjónustu á efra tíðnisviði heimtaugar í þessum tilvikum vísar Míla í 1. gr. í viðauka 1a í viðmiðunartilboði Mílu um aðgang að heimtaug. Kemur þar fram að sá aðgangur sem stendur fyrirtækjum til boða er þar annars vegar fullur aðgangur að neðra og efra tíðnisviði heimtaugarinnar og hins vegar skiptur aðgangur þar sem eitt fjarskiptafyrirtæki leigir neðri tíðnihlutann fyrir talsíma og annað efri tíðnihlutann fyrir gagnaflutning. Aðgangur getur því verið að allri heimtauginni eða að hluta hennar.

Þá segir Míla að grundvöllur þess að unnt sé að veita þjónustu á efra tíðnisviði heimtaugar sé sá að heimtaugin í heild sé virk og viðhaldið. Verðskrá Mílu byggir á kostnaði og er háð eftirliti og samþykki PFS. Þótt neðra tíðnisviðið sé ekki í notkun þá sé kostnaðurinn við að veita þjónustu á efra tíðnisviði sá sami. Segir Míla þetta vera viðurkennt af PFS og endurspeglit í samþykktri verðskrá fyrirtækisins. Af því leiði að greiða verður grunngjald fyrir heimtaug óháð notkun hennar, sbr. skilmála 7. gr. viðauka 1a í viðmiðunartilboði Mílu.

Hvað varðar framkvæmdina þegar um er að ræða tilvik þegar fyrirtæki sem leigir neðra tíðnisvið heimtaugar fyrir talsímaþjónustu segir upp þjónustunni segir Míla eftirfarandi:

„Þegar fjarskiptafyrirtæki sem leigir neðra tíðnisvið heimtaugar segir upp þjónustu þá hefur framkvæmdin verið sú að loka heimtauginni. Reynslan hefur sýnt að fjarskiptafyrirtæki sem eingöngu leigir efra tíðnisviðið er ekki tilbúið til að greiða fullt gjald fyrir heimtaugina. Í ljósi þess að verð fyrir heimtaug sem Mílu er heimilað að innheimta stendur ekki undir kostnaði við að reka heimtaug hefur orðið að gæta ítrasta aðhalds í kostnaði þar sem fjöldi uppsagna berast Mílu hefur ekki svarað kostnaði að fara í gegnum þær til að kanna hvort annað fyrirtæki er með þjónustu á heimtauginni, enda er það eins og áður segir reynslan að uppsögn berst um leið og viðskiptavinur hefur fengið reikning og kærir sig ekki um hækkunina. Míla hefur þá eingöngu orðið fyrir kostnaði en hefur enga möguleika á því að fá þann kostnað bættan.“

Þá segir Míla að verði það niðurstaða PFS að Mílu beri að kanna stöðu efra tíðnisviðs við hverja uppsögn á neðra tíðnisviði áskilji fyrirtækið sér rétt til að krefjast sérstaks gjalds vegna þess kostnaðar sem það hefur í för með sér.

III.

Forsendur ákvörðunar Póst- og fjarskiptastofnunar

3.1

Póst- og fjarskiptastofnun er sú stofnun sem með lögum hefur verið falið að annast framkvæmd laga um fjarskipti og hafa eftirlit með fjarskiptum, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 69/2009, um Póst- og fjarskiptastofnun. Þá skal PFS hafa eftirlit með starfsemi fjarskiptafyrirtækja og fylgjast með því að starfsemi þeirra sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur, skilyrði eða ákvarðanir sem um starfsemina gilda og að starfsemin sé að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti, sbr. 4. gr. framangreindra laga.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli 9. og 10. gr. laga nr. 69/2009, um Póst- og fjarskiptastofnun, þar sem fram kemur að PFS ber að leysa úr ágreiningi sem upp kemur á milli aðila með samkomulagi eða með ákvörðun náist ekki samkomulag milli aðila.

3.2

Heimtaug er heiti notað um símalínu sem tengir nettengipunkt hjá notanda við tengigrind símsstöðvar eða sambærilegan búnað. Heimtaugar eru í flestum tilvikum tveggja víra koparlínur sem þjóna hver fyrir sig einum viðskiptavini. Upphaflega voru koparheimtaugar fyrst og fremst notaðar fyrir aðgang að talsímaþjónustu og síðar einnig fyrir gagnaflutningsþjónustu með upphringimótöldum um talsímalínu eða með ISDN tengingu. Með tilkomu xDSL tækni opnaðist möguleiki á að skipta heimtauginni milli tveggja þjónustuveitenda þar sem annar veitir talsímaþjónustu og hinn gagnaflutningsþjónustu, þ.e. *skiptur aðgangur* að heimtaug.

[Reglugerð um sundurgreindan aðgang að heimtaugum nr. 199/2002](#), frá 8. mars 2002, var sett samkvæmt 20. gr. eldri fjarskiptalaga nr. 107/1999. Þar kemur fram í 1. gr. að reglugerð EB nr. 2887/2000 skyldi gilda hér á landi um aðgang að heimtaugum fyrirtækja með umtalsverða markaðshlutdeild. Tilgangur reglugerðarinnar er að herða á samkeppni og hvetja til tækninýjunga á heimtaugamarkaðinum með því að setja samræmd skilyrði fyrir sundurgreindan aðgang að heimtauginni til að ala á samkeppni í framboði fjarskiptaþjónustu. Ákvæði er um viðmiðunartilboð aðila með umtalsverðan markaðsstyrk sem skal ná til heimtauga og aðstöðu sem þeim tengjast (RUO).

Ákvæði 34. gr. [laga nr. 81/2003 um fjarskipti](#) er efnislega samhljóða ákvæði 20. gr. fjarskiptalaga nr. 107/1999, sbr. 2. gr. laga nr. 145/2001. Ákvæðið hljóðar svo:

„Fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk í almennum fjarskiptanetum og talsímaþjónustu skulu verða við öllum réttmætum og sanngjörnum beiðnum fjarskiptafyrirtækja um aðgang að heimtaugum og aðstöðu er slíkum aðgangi tengist. Gjöld fyrir aðgang og aðstöðu skulu byggjast á kostnaði, þ.m.t. eðlilegri arðsemi af bundnu fjármagni. Fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk skulu birta viðmiðunartilboð um aðgang að heimtaugum og tengdri aðstöðu. Póst- og fjarskiptastofnun getur krafist breytinga á viðmiðunartilboði, þ.m.t. verði. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að setja reglur um hvert skuli vera efni viðmiðunartilboðs.

Beiðnum um aðgang að heimtaugum skal aðeins hafnað á grundvelli hlutlægra viðmiðana, nauðsynjar þess að viðhalda heildstæði neta eða af tæknilegum ástæðum. Náist ekki samkomulag um aðgang getur aðili vísað málinu til Póst- og fjarskiptastofnunar.

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerð um sundurgreindan aðgang að heimtaugum.“

Samkvæmt 16. gr. fjarskiptalaga skal skilgreina þjónustumarkaði og landfræðilega markaði í samræmi við meginreglur samkeppnisréttar og skuldbindingar samkvæmt EES-samningnum. Sá markaður sem hér er um að ræða er heildsölumarkaður fyrir aðgang að koparheimtaugum (M11 skv. eldri tilmælum). Markaðsgreiningu á þessum markaði lauk með ákvörðun PFS nr. [26/2007](#) frá 21. desember 2007 þar sem Míla ehf. (áður Síminn hf.), sem er eigandi allra koparheimtauga sem eru í boði á heildsölumarkaði koparheimtauga hér á landi, var útnefnt fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi markaði og viðeigandi kvaðir voru lagðar á félagið. Félaginu var gert að veita aðgang að koparheimtaugum og tengdri aðstöðu, gæta jafnræðis og gagnsæis, framkvæma bókhaldslegan aðskilnað, færa kostnaðarbókhald og sæta eftirliti með gjaldskrá. Gjaldskrá Mílu skyldi byggja á sögulegum kostnaði, þ.m.t. eðlilegri arðsemi af bundnu fjármagni. Sundurliðun á leigu fyrir aðgang skyldi vera sem hér segir:

- Mánaðarlegt grunnverð sem ávallt má krefjast óháð notkun heimtaugarinnar.
- Mánaðarlegt aukagjald fyrir skiptan aðgang, þ.e. fyrir aðgang að efri hluta tíðnisviðs heimtaugarinnar með xDSL eða samsvarandi tækni.
- Gjöld fyrir hýsingu og aðgang að aðstöðu sem tengist aðganginum að koparheimtaugum.

Þá kemur fram í framangreindri ákvörðun að þegar aðgangur skiptist á milli tveggja mismunandi fjarskiptafyrirtækja skal sá greiða grunnverðið sem hefur aðgang að neðra tíðnisviði á koparheimtauginni en hinn greiðir aukagjaldið. Þegar um strípað xDSL er að ræða, þ.e. þegar heimtaugin er eingöngu notuð fyrir gagnaflytning, ber leigjanda efra tíðnisviðsins að greiða grunnverðið engu að síður auk aukagjalds fyrir efra tíðnisviðið. Grunnverð koparheimtauga skal miðast við árlegan rekstrarkostnað heimtaugakerfisins um land allt sem skal byggja á sögulegum kostnaði. Við árlegan rekstrarkostnað er heimilt að bæta afskriftum af fjárfestingum sem ekki er búið að afskrifa og hæfilegum hagnaði að mati PFS. Niðurstaðan skal gilda sem meðalgrunnverð fyrir landið allt. Aukagjaldið fyrir skiptan aðgang skal miðast við viðbótarkostnað Mílu af því að veita skiptan aðgang.

Viðmiðunartilboð Mílu fyrir opinn aðgang að heimtaugum er birt á heimasíðu Mílu¹ (viðmiðunartilboðið). Í viðauka 1a er fjallað um verð fyrir heimtaugaleigu. Þar segir í 4. og 5. mgr. 7. gr.:

„Nú óskar leigutaki einungis eftir skiptum aðgangi að efra tíðnisviði heimtaugar og neðra tíðnisvið heimtaugarinnar er ekki í leigu. Skal leigutaki þá greiða leiguverð fyrir fullan aðgang að heimtaug skv. töflu 7.2.

Nú hættir leigutaki að leigja skiptan aðgang að neðra tíðnisviði heimtaugar og skal leigutaki að efra tíðnisviði heimtaugar þá greiða leiguverð eins og um fullan aðgang að heimtaug sé að ræða skv. töflu 7.2.“

¹ Sjá RUO samningur á slóðinni <http://mila.is/adgangsnet/ruo-samningur/>

Framangreint ákvæði þarf að skýra með hliðsjón af 1. gr. sama viðauka sem fjallar um vörulýsingu. Þar segir:

„Í boði er eftirfarandi aðgangur að heimtaug:

- Fullur aðgangur að neðra og efra tíðnisviði heimtaugarinnar.
- Skiptur aðgangur þar sem eitt fjarskiptafyrirtæki leigir neðri tíðnihlutann fyrir talsíma og annað efri tíðnihlutann fyrir gagnaflutning, þ.e.
 - a. Aðgangur að heimtaug þar sem neðra tíðnisviðið er eingöngu notað.
 - b. Aðgangur að heimtaug þar sem efra tíðnisviðið er eingöngu notað.
- Ofangreindur aðgangur getur verið að allri heimtauginni eða að hluta hennar (heimtaugarhluti/subloop.“

3.3

Í þeim tilvikum sem hér um ræðir leigja Síminn og annað fjarskiptafyrirtæki (Vodafone í flestum tilvikum) skiptan aðgang að heimtaug, þ.e. Síminn leigir neðra tíðnisvið fyrir talsíma og annað fjarskiptafyrirtæki leigir efra tíðnisviðið fyrir ADSL þjónustu. Vilji leigutakinn, þ.e. fjarskiptafyrirtæki, segja upp aðgangi sínum verður að tilkynna leigusala, þ.e. Mílu, um uppsögn að heimtaugaleigu skriflega eða á rafrænu formi með minnst 1 mánaðar fyrirvara sem miðast við mánaðamót, sbr. grein 16.3 í viðmiðunartilboðinu og grein 6 í viðauka 1a.

Hvergi í viðmiðunartilboðinu eða viðaukum þess, né í fyrrnefndri ákvörðun PFS, er kveðið á um heimildir Mílu til að loka fyrir aðgang leigutaka á efra tíðnisviði ef leigutaki á neðra tíðnisviði segir upp samningi sínum. Heldur er skýrt kveðið á um það í viðmiðunartilboðinu hvaða breytingar það hefur í för með sér ef leigutaki neðra tíðnisviðs hættir að leigja skiptan aðgang. Skal þá leigutaki að efra tíðnisviði heimtaugar greiða leiguverð eins og um fullan aðgang að heimtaug sé að ræða, sbr. 5. mgr. 7. gr. í viðauka 1a sem vísað er til hér á undan.

Á leigutaka efra tíðnisviðs þannig að vera það alveg ljóst þegar hann samþykkir viðmiðunartilboð/samning um heimtaugaleigu við Mílu að hann getur þurft að greiða leiguverð eins og um fullan aðgang sé að ræða komi til þess að leigutaki neðra tíðnisviðs segir upp samningi sínum. Meti leigutaki efra tíðnisviðs það svo í slíkum tilvikum að hann vilji segja upp samningi sínum við Mílu verður hann að tilkynna Mílu það með mánaðar fyrirvara, sbr. grein 16.3 í viðmiðunartilboðinu og grein 6 í viðauka 1a. Míla getur eðlilega ekki tekið þá ákvörðun fyrir hönd leigutaka að hann sé ekki tilbúinn að greiða leiguverð eins og um fullan aðgang sé að ræða.

Eðlilegt er að skoða möguleika Mílu til að loka fyrir skiptan aðgang að heimtaug til samræmis við heimildir fyrirtækisins til að synja beiðnum um slíkan aðgang. Er um það skýrt kveðið í 2. mgr. 34. gr. fjarskiptalaga að „[b]eiðnum um aðgang að heimtaugum skal aðeins hafnað á grundvelli hlutlægra viðmiðana, nauðsynjar þess að viðhalda heildstæði neta eða af tæknilegum ástæðum“, sbr. jafnframt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar EB nr. 2887/2000 um sundurgreindan aðgang að heimtaugum. Að mati PFS gilda sömu sjónarmið um heimildir Mílu til að loka fyrir aðgang að heimtaug eins og um að synja beiðnum um slíkan aðgang, þ.e. á grundvelli hlutlægra viðmiðana, nauðsynjar þess að viðhalda heildstæði neta eða af tæknilegum ástæðum.

Í ákvörðun PFS nr. 26/2007, þar sem fjallað er um aðgangskvöðina, kemur fram að „Mílu ehf. er einungis heimilt að takmarka aðgang að og notkun á heimtaugum á grundvelli grunnkrafna er varða rekstraröryggi fjarskiptanetsins í neyðartilfellum, samstæði þess og í rökstuddum

tilvikum rekstrarsamhæfni þjónustukerfa og verndun gagna. Míla ehf. skal verða við umsóknnum fjarskiptafyrirtækja um efri tíðnihluta koparheimtauga fyrir gagnaflutning jafnvel þó að neðri tíðnihlutinn sé ekki í notkun fyrir talsímabjónustu.“²

Þá segir ennfremur í framangreindri umfjöllun um aðgangskvöðina í ákvörðun PFS að „[s]ynjun á aðgangi skal vera send með rafrænum hætti og innihalda rökstuðning fyrir ákvörðuninni. Rökstuðningurinn verður að innihalda allar upplýsingar sem þarf til að hægt sé að leggja mat á réttmæti synjunarinnar. Umsækjendur um aðgang skulu hafa aðgang til jafns við fyrirtæki innan Símasamstæðunnar að afgreiðslukerfi Mílu ehf. í þeim tilgangi að fylgjast með stöðu umsókna sinna og einnig til þess að fá upplýsingar um viðhald og viðgerðir heimtauga og um reikningagerð.“

Að því er varðar heimildir Mílu á grundvelli viðmiðunartilboðsins til að loka heimtaug og/eða rifta samningi um heimtaugaleigu getur fyrirtækið aðeins gert það að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Ákvæði viðmiðunartilboðsins um uppsögn samnings um aðgang að heimtaugum stendur aðeins leigutaka til boða en ekki Mílu þar sem Míla er sá aðili sem er með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi markaði og kvaðir hafa verið lagðar á. Önnur fjarskiptafyrirtæki eiga rétt á umræddum aðgangi með þeim skilyrðum og á þeim kjörum sem kveðið er á um í gildandi viðmiðunartilboði. Því verður ekki séð að þær aðstæður geti skapast að Míla geti sagt upp slíkum samningi. Einungis í neyðartilfellum er Mílu heimilt að rjúfa tengingu að heimtaug fyrirvaralaust og án þess að tilkynna leigutaka um það ef slíkt reynist nauðsynlegt vegna öryggis fjarskipta og rekstraröryggis, sbr. 7. gr. viðmiðunartilboðsins. Þá er Mílu heimilt, sbr. almennar reglur samningaréttarins, að rifta samningi vegna vanefnda leigutaka í samræmi við skilyrði 8. gr. viðmiðunartilboðsins. Riftunarástæður sem leigusali getur beitt eru m.a. verulegar vanefndir leigutaka, greiðslustöðvun eða gjaldþrotaskipti leigutaka, óviðráðanleg atvik, uppsetning og/eða notkun leigutaka á búnaði sem ekki fullnægir tækniskilmálum. Verða þessar riftunarástæður að varða leigutakann sjálfan, en ekki endanotanda sem er í viðskipum við hann. Í þeim tilvikum sem hér um ræðir eru engin atvik til staðar er varða leigutakann sem gefa tilefni til riftunar samnings af hálfu Mílu.

Með hliðsjón af framangreindum skilyrðum á Mílu að vera það vel ljóst að fyrirtækinu er ekki heimilt að loka fyrir aðgang leigutaka að efra tíðnisviði heimtaugar vegna þess að leigutaki að neðra tíðnisviði heimtaugarinnar hefur sagt upp samningi sínum, nema einhver skilyrða 2. mgr. 34. gr. fjarskiptalaga og 7. eða 8. gr. viðmiðunartilboðsins séu jafnframt fyrir hendi. Skýringar Mílu þess efnis að reynslan hafi sýnt að fjarskiptafyrirtæki sem eingöngu leigir efra tíðnisviðið er ekki tilbúið að greiða fullt gjald fyrir heimtaugina réttlætir ekki slíka framkvæmd.

IV.

Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar

Þegar um skiptan aðgang að heimtaug er að ræða og komi til þess að leigutaki að neðra tíðnisviði heimtaugar segir upp samningi sínum er að mati PFS eðlilegt að Míla tilkynni leigutaka efra tíðnisviðs um breyttar forsendur á verði fyrir aðganginn án ástæðulauss dráttar. Telur PFS það mikilvægt svo viðkomandi fjarskiptafyrirtæki geti gert ráðstafanir gagnvart sínum viðskiptavinum og e.t.v. sagt upp leigunni á efra tíðnisviðinu ef þau kjósa að greiða ekki hið hækkada verð.

² Sjá kafla 2.1., bls. 2, í ákvörðun PFS nr. [26/2007](#) frá 21. desember 2007.



Með hliðsjón af framangreindu getur PFS ekki fallist á þá fullyrðingu Mílu um að það komi til með að fylgja því kostnaðarauki og hægari afgreiðslutími ef fyrirtækið verður að kanna stöðu efra tíðnisviðs við hverja uppsögn. Á slíkt ekki að koma niður á leigutaka efra tíðnisviðs heimtaugar ef leigutaki neðra tíðnisviðs segir upp samningi sínum, a.m.k. ekki að neinu öðru leyti en því sem kveðið er á um í viðmiðunartilboði Mílu, þ.e. verðinu eins og skýrt er kveðið á um í fyrrnefndri 5. mgr. 7. gr. viðauka 1a með viðmiðunartilboði Mílu.

Áskilnaði Mílu til þess að krefjast sérstaks gjalds vegna meints kostnaðar við að kanna stöðu efra tíðnisviðs er hafnað enda er hvorki í ákvörðun PFS nr. 26/2007 né í viðmiðunartilboði Mílu að finna ákvæði sem heimilar félaginu að krefjast slíks gjalds. Eðlilegt er að kostnaður við að segja upp leigu á skiptum aðgangi að neðra tíðnisviði heimtaugar, þ.m.t. kostnaður við að athuga hvort í gildi er leigusamningur við annað fjarskiptafyrirtæki um aðgang að efra tíðnisvið heimtaugarinnar, sé innifalinn í grunngjaldi heimtaugaleigunnar.

Með vísun til ofangreinds er það niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar að Mílu sé óheimilt að loka fyrir skiptan aðgang leigutaka að efra tíðnisviði heimtaugar af þeirri ástæðu einni að leigutaki að neðra tíðnisviði heimtaugarinnar hefur sagt upp samningi sínum við Mílu. Jafnframt er Mílu óheimilt að krefjast sérstaks gjalds fyrir að kanna stöðu efra tíðnisviðs heimtaugar hverju sinni. Segi leigutaki að neðra tíðnisviði heimtaugar upp samningi sínum við Mílu skal Míla tilkynna leigutaka að efra tíðnisviði um slíkt án ástæðilauss dráttar þegar slík uppsögn berst Mílu.

Ákvörðunarorð

Mílu ehf. er óheimilt að loka fyrir skiptan aðgang leigutaka að efra tíðnisviði heimtaugar komi til uppsagnar leigutaka að neðra tíðnisviði heimtaugar, heldur skal ákvæði 5. mgr. 7. gr. viðauka 1a (grunnþjónusta) með viðmiðunartilboði Mílu um opin aðgang að heimtaugum þá gilda og leigutaki að efra tíðnisviði heimtaugar greiða leiguverð eins og um fullan aðgang að heimtaug sé að ræða.

Skal Míla tilkynna leigutaka efra tíðnisviðs um uppsögn leigutaka neðra tíðnisviðs án ástæðilauss dráttar þegar slík uppsögn berst.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

Reykjavík, 27. ágúst 2009

Hrafnkell V. Gíslason

Inga Helga Jónsdóttir